

Nd.

514. Frumvarp til laga

um Kennaraskóla Íslands.

Frá menntamálanefnd.

1. gr.

Kennaraskóli Íslands starfar í fjórum ársdeildum, eigi skemur en 7 mánuði á ári.

2. gr.

Tilgangur skólans er að búa nemendur undir kennarastarf í barnaskólum.

3. gr.

Skólinn er jafnt fyrir konur sem karla. Kennslan veitist ókeypis.

4. gr.

Í skólanum skal kenna þessar námsgreinar:

Íslenzku og íslenzkar bókmenntir, eitt Norðurlandamál, ensku eða þýzku, stærðfræði, eðlisfræði, efnafræði, náttúrufræði, heilsufræði, landafræði, sögu og félagsfræði, kristin fræði og siðfræði, uppeldisfræði, kennslufræði, kennsluæfingar, teikningu, söng, handavinnu, skrift, íþróttir.

Heimilt skal að halda námskeið við skólann í ýmsum framan nefndum greinum, enn fremur í garðyrkju og trjárækt, þegar kostur er.

Í kennslunni skal hafa sérstakt tillit til þess, að nemendur eigi sjálfir að kenna þessar námsgreinar og verða síðar leiðtogar barna og unglinga.

5. gr.

Þessi eru almenn inntökuskilyrði í skólann:

1. Að nemandi, sem tekinn er í fyrsta bekk, sé fullra seytján ára um næstu áramót og ári eldri fyrir hverja aðra ársdeild. Þó getur fræðslumálastjórn veitt undanþágu frá þessu ákvæði, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.
2. Að nemandi hafi engan næman kvilla eða önnur lýti, er geri hann óhæfan til kennarastarfa.
3. Að nemandi sé óspilltur að siðferði.

6. gr.

Til þess að vera tekinn í fyrstu ársdeild, þarf nemandi að hafa staðizt próf, er sýni, að hann hafi lokið sem svarar tveggja vetra gagnfræðanámi. Nánari ákvæði um próf þetta setur ráðuneytið með reglugerð.

7. gr.

Í hverjum bekk skal halda próf í lok skólaárs, og er próf fjórða bekkjar kennara-próf. Ljúka má námi í einstökum gagnfræðagreinum í öðrum eða þriðja bekk, enda skulu einkunnir í þeim greinum taldar á kennaraprófskirteini.

8. gr.

Um inntöku stúdenta og annarra utanskólamanna fer eftir ákvæðum í reglugerð, sem ráðuneytið setur.

9. gr.

Stofna skal, svo fljótt sem því verður við komið, æfingaskóla í sambandi við kennaraskólann með öllum ársdeildum venjulegra barnaskóla.

10. gr.

Við kennaraskólann og æfingaskólann skulu vera sex fastir kennarar auk skólastjóra og aukakennarar eftir þörfum, og séu þeir ráðnir í samráði við fræðslumálastjóra.

11. gr.

Fræðslumálastjórnin hefur á hendi yfirumsjón skólans og setur honum reglugerð. Kostnaður við rekstur skólans greiðist úr ríkissjóði.

12. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 63 22. nóv. 1907, um kennaraskóla í Reykjavík, enn fremur l. nr. 10 4. júní 1924, um breyting á þeim lögum.

Greinargerð.

Menntamálanefnd flytur frv. þetta samkvæmt ósk fræðslumálastjóra, og fylgdu því frá honum svo hljóðandi athugasemdir og skýringar:

„Frá því er kennaraskólinn var stofnaður, hafa tvær aðalbreytingar orðið á honum. Hin fyrri var gerð með lagabreytingu árið 1924. Var þá tekin upp enskukennsla og námstími lengdur um einn mánuð á vetri. Hin síðari fór fram með reglugerðarbreytingu árið 1933. Voru þá inntökuskilyrði þyngd að miklum mun og aukin kennsla í uppeldisfræði, kennsluæfingum fjölgað og miklum tíma varið til æfinga í smábarnakennslu.

Síðan þessi breyting komst á, hefur enn verið aukið við í ýmsum greinum, svo sem handavinnu, söngur gerður að prófskyldugrein, og kröfur eru fram komnar um aukið íþróttanáms.

Af þessu leiðir, að nálega reynist ókleift að komast yfir allt, sem til er ætlað, á þeim tíma, sem til námsins er ætlaður, enda þótt nemendur séu svo störfum hlaðnir, að slíkt er ekki við hóf.

Til þess að bæta úr þessu hefur skólastjóri ásamt kennurum skólans þegar fyrir þrem árum sent yfirstjórn skólans erindi þess efnis, að námstími skólans yrði lengdur um einn vetur. Erindi þetta var ítrekað í fyrravetur, en árangur hefur ekki orðið, enda telur ráðuneytið ekki rétt að gera slíka breytingu án laga-breytinga.

Á undanfórnum árum hafa margar raddir heyrzt um það, að nauðsyn sé að auka kennaramenntun í landinu. Frumvarp hefur verið borið fram á Alþingi, tillögur á kennaraþinginu og ýmislegt um málið ritað og rætt.

Eftir tillögum þeim að dæma, sem fram hafa komið, virðist aðallega vera um tvær leiðir að velja til umbóta frá því, sem nú er. Önnur er sú, að námið í kennaraskólanum verði aukið og skólinn taki eðlilegum þroska samkvæmt kröfum tímans og þörfum. Hin er sú, að kennaramenntun verði breytt í annað horf, kennaraskólinn lagður niður og stúdentsmenntunar og háskólanáms krafizt af kennaraefnum.

Enda þótt sumir kunni að telja, að það sé framtíðarlausn þessara mála, að kennarar hljóti stúdents- og háskólamenntun, er hæpið, að slíkt sé tímabært enn sem komið er. Má í því sambandi benda á þá reynslu, sem fengin er. Stúdentar og kandidatar hafa átt kost á að ná kennararéttindum með eins vetrar námi í kennaraskólanum. Síðustu 20 árin hafa um 40 stúdentar lokið þar kennaraprófi, eða til jafnaðar 2 á ári. En af þessum fjörutíu mun ekki vera nema tæplega fjórði hver maður starfandi við barnakennslu. Virðist þetta benda til þess, að erfitt mundi reynast að fá svo marga stúdenta úr menntaskólunum, að fullnægja mundi kennaraþörfinni. Vafalaust yrði örðugt að fá kennara með stúdentsmenntun og háskólanámi í farkennarastöður úti um sveitir landsins.

Benda má einnig á, hvernig á mál þetta er litið á Norðurlöndum. Á árunum um og eftir 1930 fóru þar fram athuganir á endurbótum kennaramenntunarinnar, og ný lög og reglur voru settar um þau mál. Í Noregi, Svíþjóð, Finnlandi og Danmörku héldu menn fast við það, að kennaraefni hefðu sína sérstöku kennslustofnun, kennaraskólana. Á fjölmönnum fundi kennaraskólastjóra, sem haldinn var á Hindsgavl sumarið 1936, var mál þetta til umræðu og greidd um það atkvæði,

hvort heppilegt þætti að leggja niður kennaraskólana og taka upp almennt stúdentsnám og háskólanám í staðinn. Allir greiddu atkvæði á móti þeirri breytingu.

Hætt er við, að stúdentsmenntun og háskólanám mundi útiloka allflest þess háttar fólk, sem sótt hefur og sækir nú kennaraskólann, fátækt en áhugasamt fólk víðsvegar að úr sveitum og sjávarþorpum landsins, einmitt fólkið, sem fánlegt er til þess að dreifa sér aftur út um sveitir landsins að loknu námi.

Á það má líka benda, að allt nám í kennaraskóla þarf að fara fram með það fyrir augum að skila fólkinu ekki aðeins sem lærðustu í hverri grein, heldur og ekki síður sem leiknustu í því að kenna sjálft það, sem lært er. Svo að segja hver kennslustund í kennaraskóla á að vera leiðbeining til nemenda um það, hvernig þeir eigi sjálfir að kenna.

Sú leið, sem frv. fer fram á, að farin verði, að lengja kennaraskólann um einn vetur og þyngja inntökuskilyrðin eftir því, sem aðstæður leyfa, hefur verið rædd og samþykkt af kennurum skólans, fræðslumálastjóri hefur tjáð sig henni samþykkan og mjög í sömu átt gengur samþykkt sú, sem gerð var á síðasta fulltrúabingi kennara (1942). Hún er svo hljóðandi:

„7. fulltrúabing S. Í. B. felur stjórn S. Í. B. að beita sér fyrir því við fræðslumálastjórnina, að endurbætur verði gerðar á undirbúningsmenntun isl. barnakennaraefna. Verði þær endurbætur, á þessu stigi málsins, aðallega fólgnar í þessu:

1. a. Að kennaranámið verði lengt um einn vetur, upp í fjóra vetur.
- b. Að inntökuskilyrðin verði þyngd þannig, að þau verði samsvarandi gagnfræðaprófi hinu minna (tveggja vetra gagnfræðanám).
2. Að komið verði upp kennarastóli og rannsóknarstofum í uppeldisvisindum við Háskóla Íslands, þar sem útskrifaðir kennarar geti stundað nám, og enn fremur annist deildin rannsóknir og leiðbeiningar í þágu barnafræðslunnar.“

Sú hugmynd, að kennaraskólinn haldi áfram og taki eðlilegri þróun og nauðsynlegum umbótum, útilokar vitanlega ekki framhaldsnám í háskóla. Einmitt þá fyrst, eftir rækilegt nám í kennaraskóla, má telja, að kennaraefni séu undir það búin að stunda uppeldisfræðilegt háskólanám, sem nefna má því nafni með réttu. Kostur á slíku framhaldsnámi er hér vitanlega æskilegur og nauðsynlegur, enda þótt ekki sé farið út í það í frv. þessu, sem miðað er eingöngu við kennaraskólann.

Kostnaður sá, sem af breytingu þessari leiddi, er fyrst og fremst fólgin í aukinni launagreiðslu. Sú aukning mundi samsvara rúmlega einum kennaralaunum.

Um einstakar greinar frv. er óþarfi að fjölyrða.

1. gr. felur í sér aðalbreytinguna, að námstíminn verði fjórir vetur, í stað þriggja nú. Rétt þykir að hafa opna leið til þess, að lengja megi námstíma á vetri án lagabreytingar.

2. og 3. gr. þurfa engra skýringa við.

4. gr. er yfirlit um námsgreinar þær, sem kenna skal í skólanum. Er þar engum nýjum greinum við bætt það, sem nú er, en vitanlega mundi kennsla aukast í ýmsum greinum við lenginguna, fyrst og fremst í kennsluæfingum, uppeldisfræði, íþróttum og íslenzku. Nánari ákvæði um það yrðu sett í reglugerð.

5. gr. Almennu inntökuskilyrðin eru hin sömu og verið hafa að öðru leyti en því, að aldursmarkið er lækkað um eitt ár, og samsvarar það lengingu námstímans.

6. gr. Á meðan ekki er til samræmt gagnfræðapróf, sem gera mætti að inntökuskilyrði í framhaldsskóla yfirleitt, verður kennaraskólinn að hafa inntökupróf fyrir þá, sem skólann sækja. Er hér gert ráð fyrir, að tveggja vetra gagnfræðanám þurfi til að standast það. eru það svipaðar kröfur og nú eru gerðar inn í skólann og miðaðar við það, að slíkt nám megi stunda í héraðs- og gagnfræðaskólum. Þyngja mætti inntökuskilyrði þessi með ákvæðum reglugerðar, og æskilegt væri þá um leið að geta haft undirbúningsnámskeið í skólanum. Reynsla undanfarinna ára hefur sýnt, að fólki veitist fullerfitt að fullnægja núverandi inntökuskilyrðum.

7. gr. breytir engu frá því, sem verið hefur, og þarf ekki skýringa við.

8. gr. Um inntöku stúdenta hefur verið reglugerðarákvæði og svo til ætlað, að

eins verði enn. Sama er að segja um inntöku annarra utanskólanna í aðra bekki en fyrsta bekk.

9. gr. Hér er gert ráð fyrir, að kennaraskólinn fái til afnota fullkominn æfingaskóla svo fljótt, sem auðið er, og ætti það að vera höfuðkrafa til umbóta frá því, sem nú er. Nú eru aðeins tvær deildir eldri barna, og er það vitanlega alls kostar ófullnægjandi, en húsnæði skortir til þess, að úr verði bætt. Hitt hefur bætt mikið um, að skólinn á aðgang að einum stærsta smábarnaskóla hér í bæ, og fara þar fram æfingar daglega í byrjunarkennslu. Æskilegt virðist vera, að samvinna gæti orðið milli kennaraskólans og bæjarins, þannig að kennaraskólinn tæki að sér kennslu ákveðins barnafjölda gegn framlagi frá bænum eftir sömu reglum og gilda um laun fastra kennara við barnaskóla bæjarins.

10. gr. Tala fastra kennara er hér miðuð við það, hve margir kennarar eru nú á föstum launum við skólann, en þeir eru fimm auk skólastjóra. Vitanlega verður kennaraþörfin breytileg eftir því, hvað æfingaskóli starfar í mörgum deildum.

11. og 12. gr. Þurfa engra skýringa við.

Fylgiskjal.

FRÆÐSLUMÁLASTJÓRINN

Reykjavík, 24. febr. 1943.

Á síðastliðnu sumri sendi ég kennslumálaráðuneytinu tillögur um breyting á reglugerð kennaraskólans, sem aðallega var í því fölgín, að undirbúningsdeild yrði bætt við skólann til þess að hægt yrði að haga þannig námi í hinum 3 ársdeildum skólans, að jafngilti fjöggra ára námi eftir tveggja vetra gagnfræðanám eða jafngildi þess. Tillögur þessar voru gerðar af skólastjóra í samráði við fræðslumálaskrifstofuna.

Þar eð hér var raunverulega um 1 árs lengingu skólanámsins að ræða, þá taldi þáverandi kennslumálaráðherra réttara, að lögnum um kennaraskóla Íslands yrði breytt í samræmi við reglugerðabreytingu þá, sem farið var fram á. Núverandi kennslumálaráðherra leit einnig þannig á málið.

Nú hefur skólastjóri kennaraskólans samið frumvarp til laga um kennaraskóla Íslands. Ég hef athugað frumvarpið og mæli eindregið með því, að það fái samþykki sem lög frá Alþingi. Leyfi ég mér hér með að fara þess á leit við háttvirta menntamálanefnd neðri deildar, að hún tæki frumvarp þetta til flutnings í deildinni og geri sitt til þess, að það verði afgreitt sem lög á yfirstandandi Alþingi, því að æskilegt væri, að kennaraskólanum yrði breytt í samræmi við það, sem ráð er fyrir gert í frumvarpinu, þegar á næsta hausti.

Jakob Kristinsson.